

Útgáfa: 04	<p style="text-align: center;">BORGARHOLTSSKÓLI bókmennt – handmennt - siðmennt</p>	
Dags.: 04.01.2018		
Höfundur: IJ		
Samþykkt:		
Síða 1 af 5		
<p>Dan 2C05 Matur og menning Námsáætlun, vorönn 2018</p>		

Kennari: Inga Jóhannsdóttir	Netfang: ij@bhs.is
--	-------------------------------------

Lýsing:
<p>Lýsing:</p> <p>Áfanginn Dan 2C05 - Matur og menning skiptist í tvo tvöfalda tíma: Í fyrri tvöfalda tímanum elda nemendur eitthvað gómsætt í nemendaeldhúsinu. Lögð er áhersla á að elda eitthvað vandað, ekki mjög dýrt, en gott. (Nemendur borga lága upphæð fyrir efniskostnaði) Öll samskipti fara eins og kostur er fram á dönsku og síðan borða allir saman og nemendur segja frá ýmiskonar fyrirframvöldu efni sem þau eiga að undirbúa sig í heima og æfa þannig dönskuna sína. Dæmi um umræðuefni: konungsfjölskyldan, viðburðir helgarinnar osfrv. Nemendur lesa ennfremur viðeigandi blaðagreinir, fara í málfræði, gera tvenniskonar sælkeramyndbönd og eina lífsstílstengda matreiðslubók. Þessi hluti snýst sem sagt um skapandi verkefnavinnu, danska/íslenska matargerð, uppskriftir, næringarfræði og grufla í sælkerastöðum á Íslandi sem Danir myndu hafa ánægju af að heimsækja. Í seinni tvöfalda tímanum er farið í menningartengda verkefnavinnu sem tengist kvikmyndum, músík, bóklestri og hlutverkaleikjum (rollespil). Auk þess verður farið út úr húsi til dæmis í Norræna húsið, danskt bíó, Kaffi Flóru eða Jómfrúna en allir þessir staðir tengjast Danmörku á einhvern hátt. Rétt fyrir páska nánar tiltekið 22. – 25. mars verður farið til Danmerkur þar sem Íþróttalyðháskólinn í Brönderslev er sóttur heim og einhverjar af dásemdum Kaupmannahafnar eru litnar augum. Þessir námsþættir ættu að æfa alla færniþætti dönskunnar og ekki síst þann munnlega.</p>
Markmið (þekking, leikni, hæfni):
<p>Nemandi skal geta nýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: Eiga góð samskipti við Dani bæði hvað varðar kurteisisvenjur og líka átt létt samtalið þá um mat, lífsstíl, menningu og það sem efst er á baugi. Nemendur skulu ná færni í að skilja stutta texta sem tengjast áherslum áfangans og notfæra sér upplýsingatæknina til að ná sér í fróðleik um ýmiskonar efni. Nemendur ná færni í að skilja kunnugleg efni þegar talað er skýrt og greinilega og fylgjast sæmilega með fjölmiðlum og kvikmyndum. Nemendur fá þjálfun í að segja frá reynslu sinni og annarra ásamt því að ná færni í að skrifa almennan texta. Nemendur munu eflast í áhuga sínum fyrir Danmörku og danskri tungu. Þeir munu sjá notagildi tungumálsins ásamt því að þróa með sér sjálfstæði, frumleika og skapandi hugsun. Þarna kemur m.a. ferðin til Danmerkur, músíkin, matreiðslubókin og sælkeramyndböndin sterkt inn.</p>

Námsmat:
<p>Nemendur þurfa að hafa skilað öllum verkefnum til að standast áfangann. Mikil áhersla lögð á virkni í tímum og hverskonar verkefnagerð ásamt bóklestri.</p> <p>Matreiðslubók 15% Sælkeruferðalag um Ísland. Myndband 10% Jaimie Oliver myndband 10% Skyndipróf úr orðaforða og málfræði ásamt ritunum 10% Kvikmynda og viðburðadagbók 15%</p>

Munnlegt próf 10% (og einkunn er líka gefin eftir hvern tíma)
Hlustun 10%

Nordkraft 10%
Ástundun 10%

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendur kaupa eina skáldsögu „Nordkraft“ eftir Jakob Ejersbo og borga líka lága upphæð fyrir matföngum.

Tilhögun kennslustunda:

Kennslan í áfanganum skiptist í tvö skipti í viku (2 tvöfaldir tímar) **Í fyrri tvöfaldatímanum** er nemendum skipt upp í tvo hópa. Hópur 1 og hópur 2. Allir mæta í byrjun hvernar kennslustundar þar sem farið er í innlögn. Annar hópurinn fer síðan í að matbúa og hinn fer í gerð matreiðslubókar eða myndbandsgerðar. Í næstu viku snýst þetta við, hópurinn sem var í matreiðslu í síðasta tíma tekur verkefnagerðina og svo framvegis.

Í seinni tvöfalda tímanum er farið í kvikmyndir, hlutverkaleiki, músík og aðra menningu ásamt viðeigandi munnlegum eða skriflegum verkefnum tengdum því.

Námsgögn:

Nemendur kaupa skáldsöguna Nordkraft (423 bls.) eftir Jakob Ejersbo. Kennari afhendir síðan viðeigandi verkefnahefti, önnur verkefni, uppskriftir og blaðagreinar í kennslustundum.

Vik a	Dag s.	Námsþættir	Námsmat s-þættir
2	7.-13 jan	Kynning á áfanganum – Blaðgrein og verkefni- Orðaforði/setningar sem tengast matreiðslu. Rasmus Seebach: Músík og verkefni.	Orðaforðaverk- Efni. Skila á Moodle
3	14.-20. jan	Frekari undirbúningur með orðaforða fyrir önnina. Lyt og lær: Hlustun - Munnlegt: Segja frá sjálfum sér -æfa gagnlegan orðaforða og setningar fyrir komandi önn. – Blaðgrein og verkefni. Skrifa um matarvenjur sínar á dönsku- Rollespil. Músík og verkefni.Tölur og spurnarorð	Orðaforðaverk- efni. Skila á moodle
4	21.-27. jan.	Film:Den skaldede frisör. Verkefni úr myndinni. Sagnir og lýsingarorð.. Hópur 1 steikir kjúklingabringur, sætar kartöflur, gerir hollustu salat og sýður brún hrísgrjón. Við sitjum saman og snæðum og nú kynnum við okkur, velundirbúin fyrir hvoru öðru. Við byrjum á lífsstílstengdri matreiðslubók. Ennfremur byrjum við á bókinni Nordkraft.	Við lýsum sjálfum okkur í ritun. Skila á moodle
5	28.jan. - 3. feb.	Kvikmynd: Klovn og verkefni Hópur 2 steikir kjúklingabringur, sætar kartöflur, gerir hollustu salat og sýður brún hrísgrjón. Sitjum saman og snæðum og nú kynnum við okkur, velundirbúin fyrir hvoru öðru. Unnið í matreiðslubókinni.	Skyndipróf í orðaforða

6	4.-10. feb.	ATH: Skóhlífardagar Hlustun, rollespil, musík, blaðagrein um Kaupmannahöfn og verkefni. Unnið í matreiðslubókinni	Verkefni um Kaupmannahöfn. Skila á Moodle
7	11.-17. feb.	ATH: 16. feb. Vorhlé Fræðsla um Fastelavn. Rískökur og Vatnsdeigsbollur Orðaforðaverkefni. Hópur 2 fer í matreiðslubókargerð. Fyrirfram undirbúnar samræður eru yfir borðum Hlustun og rollespil. Byrjum á Nordkraft. og leysum verkefni. Matreiðslubók og Sælkeramyndband um Ísland Fastelavn: Veltum okkur upp úr þessari dönsku hefð vilt og breytt ásamt því að finna efni á netinu um hana og leysum verkefni. Söngurinn " Fastelavn er mit navn boller vil jeg have" er kyrjaður um leið og gómsætar bolludagsbollur eru bakaðar. Kvikmynd: Drömmen og verkefni	Ritun að lýsa Íslandi. Skil inn á Moodle Skyndipróf úr málfræði
8	18.-24. feb.	ATH: 19. feb vorhlé Snýst við. Hópur 2 Rískökur og Vatnsdeigsbollur Orðaforðaverkefni. Hópur 2 fer í matreiðslubókargerð. Fyrirfram undirbúnar samræður eru yfir borðum Hópur 1 fer í matreiðslubókargerð. Fyrirfram undirbúnar samræður eru yfir borðum : Nemendur gera grein fyrir vinnuframlagi sínu í dönsku og lesa Nordkraft. Rollespil: að bjóða í afmælið sitt. Unnið að Sælkeramyndbandi Kvikmynd: Grønne slagtere og verkefni	Fá í hendur danska uppskrift og elda heima. Skyndipróf úr orðaforða
9	25.feb-3. mar.	Hópur 1: Liverpostej og danskt heimageru rúgbrauð. Hópur 1 gerir líka grænmetis og baunarétt. Guakemol, jógúrt/agúrkudressingu og Naanbrauð. Hópur 2 vinnur að myndbandi: Sælkeruferðalag um Ísland Undirbúið umræðuefni: Danska konungsfjölskyldan. Rollespil: við pulsuþagninn. Hlustun og lesum Nordkraft og leysum verkefni Kvikmynd: Pelle erobreren og verkefni	Próf og ritun úr Nordkraft. 10%
10	4.-10. mars.	Hópur 2: Liverpostej og danskt heimageru rúgbrauð. Hópur 2 gerir líka grænmetis og baunarétt. Guakemol, jógúrt/agúrkudressingu og Naanbrauð. Undirbúið umræðuefni: Danska konungsfjölskyldan. Rollespil: á brautarstöðinni og í flugstöðinni. – Hópur 1 vinnur að myndbandi: Sælkeruferðalag um Ísland Hlustun. Kvikmynd:	Skyndipróf úr málfræði
11	11.-17. mars.	Súkkulaðikaka bökuð. Eldhúsverkefni. Undirbúið umræðuefni: Hvað kan vi snakke om når vi møder danskere. Hvað ved vi om Smørrebrød. Allur hópurinn fær líka að spreyta sig á þessu umræðuefni í innlögninni. Hópur 2 vinnur að myndbandi: Sælkeruferðalag um Ísland Unnið að sameina sælkeramyndbandið Kvikmynd og verkefni: En kort en lang	Nemendur fá í hendur danska uppskrift og elda heima. Skila sælkeramyndbandi í lok viku 10%

12	18.-24. mars.	<p>Í þessari viku fáum við heimsókn frá dönskum framhaldsskóla.</p> <p>Við tökum vel á móti vinum okkar frá Danmörku sem verða með okkur dagpart. Spjöllum og snörum upp "dansk/íslandsk frokost" og smá páskaeggjasmakki með. Páskaeggjin þó ekki heimagerð. Ef tími vinnst til æfum við okkur í "Hvad kan vi snakke om når vi møder danskere?" og også snakker vi om "påsketraditioner". Notum liverpostej og danska rúgbrauðið okkar á veisluborðið. Biðjum Danina um að segja okkur frá "deres smørrebrødtradition" og líka "deres påsketraditioner". Syngjum saman 😊 Sýnum sælkeramyndbandið.</p>	
13	25.mar -3.apríl.	PÁSKAFRÍ – ein og hálf vika	
14	4.-7. apríl.	<p>Ath. kennsla hefst aftur á miðvikudegi 4. apríl – Kvikmynd</p> <p>Undirbúið umræðuefni: Besta ferð sem ég hef farið í og ennfremur sú versta.</p> <p>Unnið í matreiðslubók</p> <p>Unnið að Jamie Oliver myndbandi:</p>	
15	8.-14. apr.	Kvikmynd Nordkraft	
16	15.-21. apr.	<p>19.apríl: sumardagurinn fyrsti</p> <p>Hópur 1 Ísgerð</p> <p>Undirbúið umræðuefni: Besta ferð sem ég hef farið í og ennfremur sú versta.</p> <p>Kvikmynd og verkefni: Kvinden i buret</p> <p>Nemendur ljúka Myndbandi: Jaimie Oliver</p>	Próf og ritun úr Nordkraft. 10% Nemendur skila verkefnahefti
17	22.apr-28. apr.	<p>Hópur 2 Ísgerð.</p> <p>Undirbúið umræðuefni: Besta ferð sem ég hef farið í og ennfremur sú versta.</p> <p>Kvikmynd og verkefni: To verdener.</p> <p>Nemendur ljúka Myndbandi: Jaimie Oliver</p>	Nemendur skila lífsstílstengdri matreiðslubók 15% Nem skila Jaimie Oliver myndbandi 10%
18	29.apr-5. maí.	Hlustun og munnlegt alla vikuna. Nemendur undirbúa sig.	Hlustun 10% Munnlegt 10%
19	6.-18. maí.	<p>10.maí: uppstigningardagur -Síðasti kennsludagur er 18. maí.</p> <p>Allir saman gera hamborgara frá grunni sem og sósu, hamborgarabrauð og salat. Sætkartöflufranskar með.</p> <p>Nú skal veislu halda og horfa á Jaimie Oliver myndbönd nemenda þar sem þau verða metin með jafningjamati.</p> <p>Heimagerði ísinn í eftirmat. Hlustað á danska músík.</p> <p>Rollespil, Kvikmynd (nemendur velja) ásamt viðeigandi verkefnum.</p>	Nemendur skila kvikmynda og viðburðadagbó (10%).

		Fimmtudaginn 17. maí verður farið í Norræna húsið á kynningu þar. 😊😊😊 ATH: Ef dönsk mynd verður sýnd í bíóhúsum verður farið!!!	
--	--	---	--

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.